

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 5. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0029
IAS

Efni: Sandártunga, efnistökusvæði – matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 14. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna efnistökusvæðis við Sandártungu.

Fyrirhuguð er breyting á landnotkun í Sandártungu í Þjórsárdal þar sem hluti skógræktar- og landgræðsluslusvæðisins (SL17) verður breytt í efnistökusvæði. Efni verður unnið úr Búrfellshrauni sem verður sprengt og malað innan svæðisins og aðallega nýtt í breytingar á Þjórsárdalsvegi, grjótvörn og í nýjan Búðafossveg. Heimilt verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á um 4 ha svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Búrfellshraun er runnið á nútíma og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.


Ekki er æskilegt að opna ný efnistökusvæði innan friðlýstra svæða og nýtt efnistökusvæðið í Sandártungu samræmist ekki friðlýsingaskilmálum um menningarlandslag í Þjórsárdal. Auk þess gengur breytingin gegn stefnu gildandi aðalskipulags en tekið er fram að unnið sé að því að breyta aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðið verður sett inn. Fram kemur að í valkosta-greiningu á mögulegum efnistökusvæðum í nágrenni við Þjórsárdalsveg árið 2023 hafi tvö önnur svæði komið til greina en þau ekki verið jafn heppileg. Ekki kemur fram hver hin svæðin eru en að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að bera saman fleiri staðsetningar fyrir efnistökuna. Allmargar opnar bergnámur eru í Þjórsárhrauni sem hægt væri að nýta ef vilji er fyrir því að standa vörð um friðlýst menningarlandslag Þjórsárdals.

Gera þarf betur grein fyrir afrennsli af efnistökusvæðinu og hvort hætta sé á að mengun frá starfseminni berist út í Þjórsá.

Ekkert er minnst á fuglalíf í kafla 3.3 Vistgerðir og fuglalíf en efnistökusvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis - Suðurlandsundirlendi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er kannski ekki þörf á að framkvæmdin fari í fullt umhverfismat en þar sem framkvæmdasvæðið er a friðuðu svæði er nauðsynlegt að skoða fleiri efnistökukosti og bera þá saman.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

